

BORGARSTJÓRN

Ár 2026, þriðjudaginn 3. mars, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 12:04. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Alexandra Briem, Andrea Helgadóttir, Björn Gíslason, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Einar Þorsteinsson, Guðný Maja Riba, Helga Þórðardóttir, Helgi Áss Grétarsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Sabine Leskopf, Skúli Helgason, Stefán Pálsson, Þorvaldur Daníelsson og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Fundarritari var Dís Sigurgeirsdóttir.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar eru flutt minningarorð um Davíð Oddsson, fyrrverandi borgarstjóra.

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að láta vinna sérstaka aðgerðaáætlun gegn einmanaleika og undirbúa yfirferð á stefnu Reykjavíkurborgar um frístundapjónustu með það að markmiði að fjölga tækifærum íbúa á öllum aldri til aukinnar samveru.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 13:09 tekur Árelía Eydís Guðmundsdóttir sæti á fundinum og Þorvaldur Daníelsson vikur af honum.
- Kl. 13:23 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum og Stefán Pálsson vikur af honum.

Samþykkt. MSS26030001

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Einmanaleiki og félagsleg einangrun hafa margvísleg neikvæð áhrif á heilsu og lífsgæði fólks. Aukin einstaklingshyggja hefur aukið einmanaleika og sett ábyrgð á honum á einstaklinginn. Tækniþróun síðustu ára hefur sömuleiðis ýtt mjög undir einangrun og minnkað samveru með öðru fólki og sú þróun virðist munu halda áfram með innreið gervigreindarinnar. Því er mikilvægt að borgarstjórn samþykkti einróma tillögu samstarfsflokkanna um aðgerðir gegn einmanaleika og félagslegri einangrun. Ábyrgðin á að skapa samfélag þar sem öll tilheyra, er samfélagsleg og þar ber borgarstjórn ábyrgð með því að skipuleggja borg – bæði innviði og starfsemi – með það fyrir augum að samtal, félagsleg samskipti og samvera sé aðgengileg, þar sem gert er ráð fyrir öllum.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn hefur lagt áherslu á að bregðast við einmanaleika sem vaxandi samfélagsvanda og alvarlegu lýðheilsumáli. Rannsóknir sýna að langvarandi einmanaleiki er einn stærsti áhættuþáttur samtímans og hefur víðtæk áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks á öllum aldri. Einmanaleiki er ekki einkamál

einstaklingsins – hann er samfélagslegt verkefni sem krefst skýrra pólitískra ákvarðana. Framsókn styður að Reykjavíkurborg marki heildstæða aðgerðaáætlun gegn einmanaleika og endurskoði stefnu sína um frístundaþjónustu með það að markmiði að styrkja félagsleg tengsl í hverfum borgarinnar. Samfélagshús, sundlaugar, bókasöfn og félagsmiðstöðvar eru ekki aðeins þjónusta – þau eru grunnstoðir samfélagslegrar samveru og lýðheilsu. Við þurfum að færa áhersluna frá því að bregðast við afleiðingum einsemdar yfir í að skapa aðstæður sem fyrirbyggja hana. Það er pólitísk ákvörðun. Framsókn leggur áherslu á að Reykjavík sé borg þar sem fólk tilheyri samfélaginu og upplifi sig sem hluta af samfélagi.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar styður tillöguna og telur afar mikilvægt að Reykjavíkurborg móti markvissa stefnu og aðgerðaáætlun í frístundamálum gegn einmanaleika. Einmanaleiki snertir fólk á öllum aldri og er lýðheilsuþema sem við viljum taka föstum tökum. Samhliða þessari vinnu leggjum við áherslu á að mótuð verði heildræn stefna fyrir fullorðna Reykvíkinga, það er alla borgarbúa 18 ára og eldri. Hingað til hefur megináhersla frístundastefnu borgarinnar beinst að börnum og ungmennum, sem er mikilvægt, en við þurfum jafnframt að horfa markvisst til annarra aldurshópa. Í fjölbreyttri og ört vaxandi borg þarf að tryggja aðgengilegt og fjölbreytt frístundastarf fyrir fólk á eftirlaunaaldri, fyrir nýja Reykvíkinga sem flytjast til borgarinnar, hvort sem er utan af landi eða frá öðrum löndum, og fyrir þá sem hafa lítið bakland. Samfélagshús, bókasöfn, sundlaugar og önnur sameiginleg rými geta gegnt lykilhlutverki í að byggja upp tengsl, virkni og þátttöku. Við leggjum áherslu á að lögð verði sérstök rækt við hverfi borgarinnar, tækifæri innan þeirra og möguleika. Markmiðið hlýtur að vera skýr framtíðarsýn. Reykjavík sem borg þar sem allir fullorðnir íbúar eiga að hafa raunhæf tækifæri til samveru, þátttöku og samfélags á öllum skeiðum lífsins.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að hefja viðræður við forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og bæjarstjóra nágrannasveitarfélaga um stöðu fjármögnunar samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun ákvæða hans. Markmið viðræðnanna verði eftirfarandi: A) Fá skýr svör varðandi fjármögnun ríkisins á verkefnum samgöngusáttmálans, hvort og þá hvernig ríkið hyggst innheimta flýti- og umferðargjöld og hvort aðrir fjármögnunarkostir verði jafnframt skoðaðir. B) Breyta forgangs röðun verkefna innan Reykjavíkurborgar svo sáttmálinn nái því meginmarkmiði að tryggja greiðar, skilvirkar, hagkvæmar og öruggar samgöngur. Leitast verði við að hraða gatnamótum við Bústaðaveg, Miklubrautargöngum og snjóllum ljósastýringum. C) Samkomulagi verði náð um uppbyggingu hágæða almenningssamgöngukerfis sem ekki þrengir að almennri umferð. Hagkvæmni verði höfð að leiðarljósi. Borgarstjórn samþykkir jafnframt að virkja endurskoðunarákvæði 1. mgr. 7. gr. samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá 26. september 2019, sem síðar var uppfærður 21. ágúst 2024, ef þurfa þykir, svo hefja megi ofanritaðar viðræður.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sjö atkvæðum Björns Gíslasonar, Hildar Björnsdóttur og Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, borgarfulltrúi Viðreisnar og Helgi Áss Grétarsson borgarfulltrúi (óháður) sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS26030002

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögu Sjálfstæðisflokksins er vísað frá með þeim rökum að gengið hefur verið frá fjármögnun samgöngusáttmálans með samningum við ríkið í sáttmála frá 24. ágúst 2019 og uppfærðum sáttmála frá 26. september 2024. Ríkinu ber skylda til að standa við sinn hluta samningsins. Það er ekki hlutverk sveitarfélaganna að segja til verka í þeim efnum. Varðandi forgangsörðun verkefna teljum við einsýnt að öll sveitarfélögin, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær hafi náð afar góðum samningum við ríkið hvert fyrir sig og með því að beita sameinuðum kröftum sínum. Við tökum undir að Miklubrautargöng hefðu mátt vera framar í forgangsörðinni en við virðum gerða samninga. Bendum jafnframt á að undirbúningur mislægra gatnamóta við Bústaðaveg er hafinn. Framkvæmdir hefjast 2028. Í þriðja lagi teljum við ekki þörf á endurskoðun samgöngusáttmálans þar sem ekki er nema eitt og hálft ár síðan sáttmálinn var endurskoðaður með ítarlegri vinnu sem stóð í eitt og hálft ár.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú uppfærsla á samgöngusáttmálanum sem lauk á vakt Framsóknar árið 2024 fól í sér afar mikilvægar breytingar. Ríkið féllst á að greiða þriðjung af rekstrarkostnaði við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þeirri ákvörðun fylgja 2,4 milljarðar á þessu ári og upphæðin hækkar á næstu árum. Þá féllst ríkið á kröfu borgarinnar um að Miklubrautargöng komi í stað Miklubrautarstokks. Nú er komin ný ríkisstjórn og Framsókn styður að hafnar verði viðræður við ríkið um hvernig það hyggt fjármagna framkvæmdir samgöngusáttmálans og hvort til standi og þá hvenær að leggja á flýti- og tafagjöld. Framsókn styður einnig að kannað sé hvort mögulegt sé að flýta Miklubrautargöngum en árið 2024 var ekki vilji hjá ríkinu til þess að gera það. Mislæg gatnamót við Bústaðaveg eru afar brýn og eru í forverkhönnun og framkvæmdir hefjast 2028 samkvæmt áætlun.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Kjartan Magnússon, leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að svokallaður samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til endurskoðunar. Sjálfsagt er að flýta einstökum framkvæmdum hans, sem eru hagkvæmar, t.d. gatnamótum við Bústaðaveg, Miklubrautarstokki og innleiðingu snjallljósastýringa. Við slíka endurskoðun ætti það hins vegar að vera skýlaus krafa að hætt verði við borgarlínuverkefnið í heild sinni. Þess í stað verði lögð áhersla á að efla núverandi strætisvagnakerfi strax með eftirfarandi aðgerðum: 1. Forgangsakreinum strætisvagna verði fjölgað. 2. Forgangur strætisvagna á umferðarljósum verði tryggður með snjalltækni. 3. Úrbætur verði gerðar á biðstöðvum og skiptistöðvum, m.a. með tilkomu upphitaðra biðskýla. 4. Endurnýjun vagnaflotans verði hraðað. 5. Umbætur verði gerðar á leiðakerfinu. Með slíkum aðgerðum væri hægt að stórefla núverandi strætisvagnakerfi strax í stað þess að bíða í fimm ár eftir borgarlínu með tilheyrandi skattahækkunum. Slíkar umbætur á strætisvagnakerfinu myndu gera sama gagn en yrðu margfalt ódýrari en borgarlínuverkefnið. Borgarlínuverkefnið yrði risavaxin opinber framkvæmd, sem hefði takmarkaðan ávinning í för með sér en ýmsar neikvæðar afleiðingar vegna mikils kostnaðar, skattahækkana og aukinna umferðartafa. Einn helsti tilgangur borgarlínu er að þrengja að almennri bílaumferð með gífurlegum tilkostnaði. Ljóst

er að borgarlínuhluti sáttmálans er afar óhagkvæmur. Við höfnum afdráttarlaust öllum fyrirætlunum um að sérstakur viðbótarskattur eða tafagjöld verði lögð á Reykvíkinga til að fjármagna óhagkvæma borgarlínu.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur:

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur feli borgarstjóra, í samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið, að greina og útfæra stofnun sérstaks innviðasjóðs Reykjavíkur innan A-hluta borgarinnar. Markmið sjóðsins verði að styðja við fjármögnun innviðauppbýggingar, svo sem leikskóla, skóla, samgöngumannvirkja og menningar- og íþróttamannvirkja, og/eða stuðla að niðurgreiðslu skulda sem tengjast slíkum innviðafjárfestingum. Í greiningunni verði sérstaklega fjallað um mögulega tekjustofna sjóðsins, þar á meðal arðgreiðslur frá B-hlutafélögum borgarinnar og valdar einsskiptistekjur, afmörkun sjóðsins gagnvart rekstrarútgjöldum, áhrif á fjárhagslega stöðu, skuldsetningu og fjárfestingagetu borgarinnar til lengri tíma, og hvernig fyrirkomulag sjóðsins samræmist gildandi eigendastefnu Reykjavíkur og markmiðum um gagnsæi og ábyrga fjármálastjórn. Borgarstjóra verði falið að leggja fram lokatillögu á grundvelli greiningarinnar til afgreiðslu í borgarstjórn.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

MSS26020010

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið ánægjuefni að borgarstjórn hafi samþykkt samhljóða að vísa tillögu Viðreisnar til borgarráðs til frekari greiningar og útfærslu. Reykjavík þarf skýrari og ábyrgari leið til að fjármagna innviði framtíðarinnar án þess að treysta sífellt meira á skuldsetningu. Stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur er góð leið til þess að mæta því. Borgin vex hratt og fjárfestingarþörf í leikskólum, skólum, samgöngum og menningar- og íþróttamannvirkjum mun ekki minnka á næstu árum heldur mun aukast. Það er pólitískt val hvernig við mætum þeirri þróun. Með stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur er verið að kalla eftir nýrri hugsun innan ramma A-hluta borgarinnar. Hugmyndin er að tengja ákveðnar tekjur, þ.e. arð af sameiginlegum eignum og valdar einsskiptistekjur, og eyrnamerkja þær beint uppbyggingu innviða og niðurgreiðslu skulda. Arður af sameiginlegum eignum á að nýtast til uppbyggingar á sameiginlegum innviðum. Innviðasjóður Reykjavíkur er stjórnþæki til að auka gagnsæi, aga og langtímahugsun í fjármálum borgarinnar. Tillagan kallar á faglega greiningu og umræðu um hvernig við tryggjum sjálfbæra fjármögnun framtíðar Reykjavíkur.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að auka framboð af sumarnámskeiðum og smíðjum fyrir börn á grunnskólaaldri í Reykjavík til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Skóla- og frístundasviði í samstarfi við menningar- og íþróttasvið verði falið að útfæra tillögu þess efnis og skila þeim inn til borgarráðs fyrir lok mars 2026. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 16:46 vikur Skúli Helgason af fundi og Sara Björg Sigurðardóttir tekur sæti.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Viðreisnar og borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður). MSS26030004

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Kapphlaupið um sumarnámskeiðin heldur áfram í boði meirihlutans. Framsókn gagnrýnir harðlega að meirihlutinn vilji ekki ráðast í aðgerðir til að fjölga sumarnámskeiðum fyrir börn á grunnskólaaldri til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Vegna takmarkaðra plássna í sumarnámskeið og smiðjur borgarinnar er skráning í þessa sjálfsögðu þjónustu orðin eins og kapphlaup um tónleikamiða stórhljómsveitar frekar en umsókn um grunnþjónustu. Sumarnámskeiðin eru öflugt og uppbyggilegt frístundastarf sem eflir félagsfærni, hæfni og vellíðan barna og gerir foreldrum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Þegar framboðið er ekki í takt við eftirspurnina er ljóst að bregðast þarf við en vegna aðgerðaleyfis meirihlutans munu foreldrar áfram sitja eftir með sárt ennið og óvissuna um hvernig eigi að púsla saman sumrinu á meðan skólarnir eru lokaðir.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Árið 2023 var farið í ákveðnar sparnaðaraðgerðir í sumarstarfi frístundaheimila í hagræðingarskyni. Opnunartími var stytur um klukkustund og tekin var út svokölluð aukavika þar sem eitt frístundaheimili í hverjum borgarhluta var opið einni viku lengur í sumarfríi þeirra. Sumarið 2025 var fjármagn í sumarstarf frístundar aukið um 17 milljónir til að bregðast við eftirspurn. Mikil ánægja var með þjónustuna síðastliðið sumar eins og sést í könnun sem skóla- og frístundasvið gerði meðal foreldra barna sem voru í sumarfrístund og sumarstarfi sértæku félagsmiðstöðvanna. Samstarfsflokkarnir ætla að halda áfram því góða starfi og styðja vel við sumarstarf frístundaheimilanna og starfsemi sértæku félagsmiðstöðvanna á komandi sumri.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að útfæra tillögur á grundvelli heimilda í umferðarlögum til að minnka loftmengun sem fer yfir heilsuverndarmörk í tilteknum aðstæðum. Er ráðinu falið að skoða rannsóknir og aðgerðir sem gefist hafa vel annars staðar og sannarlega náð árangri í að bæta loftgæði. Gert er ráð fyrir að umhverfis- og skipulagsráð skili af sér tillögum fyrir lok mars 2026.

- Kl. 18:03 vikur Sabine Leskopf af fundi og Birkir Ingibjartsson tekur sæti.

Samþykkt með 17 atkvæðum Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn einu atkvæði borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður).

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi viðaukatillögu:

Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg fjárfesti í ryksugubíl sem er sérstaklega hannaður til að hreinsa upp fínasta rykið á götum borgarinnar og að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra aðgerðaáætlun vegna þrifa á götum borgarinnar til að fyrirbyggja þá toppa sem myndast þegar hæglátt veður er og hefur áhrif á loftgæði í borginni. Áætlaður kostnaður er 50-70 milljónir vegna kaupa á ryksugubíl og fer af liðnum ófyrirséð.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar. MSS26030005

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt 85. gr. umferðarlaga er sveitarstjórnunum unnt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hættu er talin á að svo verði. Til grundvallar slíkum aðgerðum skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum og mengunarspám. Takmarkanir á umferð vegna mengunar frá ökutækjum geta til dæmis falist í breytingum á hámarkshraða, takmörkun á umferð stærri ökutækja eða takmörkun almennrar umferðar með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri endatölu eða sambærilegum endabókstaf skráningarkerkja. Margt er hægt að gera og ljóst er að meira þarf að gera til fækka loftmengunardögum. Því felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að taka saman það sem virkar best á hverjum tíma í ólíkum aðstæðum og formgera slíkar aðgerðir.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn furðast að meirihlutinn skuli fella sjálfsagða tillögu Framsóknar um að keyptur verði ryksugubíll til þess að þrifa götur borgarinnar. Það sýnir ekki mikinn vilja til þess að bregðast við svifryksmengun í borginni.

Borgarfulltrúinn Helgi Áss Grétarsson (óháður) leggur fram svohljóðandi bókun:

Samfylkingin, ásamt sínum fylgitunglum í meirihluta borgarstjórnar á hverjum tíma, hefur fengið mýmörg tækifæri í áratugi til að grípa til skilvirkra aðgerða til að tryggja viðunandi loftgæði í borginni. Það er þess vegna engin þörf á að umhverfis- og skipulagsráð fái leiðbeiningar um þessi efni frá borgarstjórn. Nærtækara er að hrinda aðgerðum í framkvæmd til að bæta loftgæði. Grunnur tillögunnar byggir hins vegar á þeirri pólitísku sýn að kenna eigi notkun nagladekkja bíla fyrst og fremst um ástand loftgæðamála í höfuðborginni. Sú einfalda nálgun gengur ekki upp, þótt notkun nagladekkja hafi hér áhrif. Sem dæmi, í febrúar síðastliðnum, tæmdust birgðir af rykbindiefni, sjá frétt á vef Umhverfis- og orkustofnunar 17. febrúar síðastliðinn. Götur í borginni eru ekki nægjanlega vel þrífarnar. Hvort tveggja eykur líkur á slæmum loftgæðum í höfuðborginni. Með hliðsjón af þessu greiðir borgarfulltrúinn atkvæði gegn þessari tillögu enda litast hún af atkvæðaveiðum samstarfsflokka í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 16. maí næstkomandi.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að taka upp viðræður við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og dómsmálaráðuneytið um starfrækslu hverfislögreglustöðvar í Breiðholti í því skyni að styrkja löggæslu í borgarhlutanum. Stöðin verði starfrækt í anda svonefndrar samfélagslöggæslu og áhersla lögð á að tengja hana skólunum í hverfinu með jákvæðum hætti. Um yrði að ræða samstarfsverkefni ríkis og borgar og stefnt að því að Reykjavíkurborg sæi stöðinni fyrir húsnæði eins og gert var þegar hverfislögreglustöð var áður starfrækt í Breiðholti með góðum árangri.

Frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður). Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25090069

7. Umræðu um tillögu að nýju deiliskipulagi við Holtsgötu 10-12 og Brekkustíg 16 er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður). Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25120074
8. Umræðu um öryggismál á skiptistöðinni í Mjódd er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður). Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25120075
9. Umræða um íbúalýðræði í Reykjavík er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúans Helga Áss Grétarssonar (óháður). Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25030069
10. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 26. febrúar 2026.
19. liður fundargerðarinnar, samþykkt velferðarráðs um samstarfssamning sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna, er samþykktur. MSS26010002
11. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 27. febrúar, mannréttindaráðs frá 12. febrúar, menningar- og íþróttaráðs frá 13. febrúar, skóla- og frístundaráðs frá 23. febrúar, stafræns ráðs frá 11. og 25. febrúar, umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. febrúar og velferðarráðs frá 18. febrúar.
- Kl. 20:00 vikur Líf Magneudóttir af fundi og Stefán Pálsson tekur þar sæti.

Fundi slitið kl. 20:14

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Andrea Helgadóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Þetta er 2. útgáfa fundargerðar þar sem gerðar hafa verið leiðréttingar á skráningu Helga Áss Grétarssonar sem starfar utan borgarstjórnarflokka (óháður).

BORGARSTJÓRN

Ár 2026, þriðjudaginn 3. mars, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 12:04. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Alexandra Briem, Andrea Helgadóttir, Björn Gíslason, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Einar Þorsteinsson, Guðný Maja Riba, Helga Þórðardóttir, Helgi Áss Grétarsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Sabine Leskopf, Skúli Helgason, Stefán Pálsson, Þorvaldur Daníelsson og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Fundarritari var Dís Sigurgeirsdóttir.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar eru flutt minningarorð um Davíð Oddsson, fyrrverandi borgarstjóra.

12. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að láta vinna sérstaka aðgerðaáætlun gegn einmanaleika og undirbúa yfirferð á stefnu Reykjavíkurborgar um frístundapjónustu með það að markmiði að fjölga tækifærum íbúa á öllum aldri til aukinnar samveru.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 13:09 tekur Árelía Eydís Guðmundsdóttir sæti á fundinum og Þorvaldur Daníelsson víkur af honum.
- Kl. 13:23 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum og Stefán Pálsson víkur af honum.

Samþykkt. MSS26030001

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Einmanaleiki og félagsleg einangrun hafa margvísleg neikvæð áhrif á heilsu og lífsgæði fólks. Aukin einstaklingshyggja hefur aukið einmanaleika og sett ábyrgð á honum á einstaklinginn. Tækniþróun síðustu ára hefur sömuleiðis ýtt mjög undir einangrun og minnkað samveru með öðru fólki og sú þróun virðist munu halda áfram með innreið gervigreindarinnar. Því er mikilvægt að borgarstjórn samþykkti einróma tillögu samstarfsflokka um aðgerðir gegn einmanaleika og félagslegri einangrun. Ábyrgðin á að skapa samfélag þar sem öll tilheyra, er samfélagsleg og þar ber borgarstjórn ábyrgð með því að skipuleggja borg – bæði innviði og starfsemi – með það fyrir augum að samtal, félagsleg samskipti og samvera sé aðgengileg, þar sem gert er ráð fyrir öllum.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn hefur lagt áherslu á að bregðast við einmanaleika sem vaxandi samfélagsvanda og alvarlegu lýðheilsumáli. Rannsóknir sýna að langvarandi einmanaleiki er einn stærsti áhættuþáttur samtímans og hefur víðtæk áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks á öllum aldri. Einmanaleiki er ekki einkamál

einstaklingsins – hann er samfélagslegt verkefni sem krefst skýrra pólitískra ákvarðana. Framsókn styður að Reykjavíkurborg marki heildstæða aðgerðaáætlun gegn einmanaleika og endurskoði stefnu sína um frístundaþjónustu með það að markmiði að styrkja félagsleg tengsl í hverfum borgarinnar. Samfélagshús, sundlaugar, bókasöfn og félagsmiðstöðvar eru ekki aðeins þjónusta – þau eru grunnstoðir samfélagslegrar samveru og lýðheilsu. Við þurfum að færa áhersluna frá því að bregðast við afleiðingum einsemdar yfir í að skapa aðstæður sem fyrirbyggja hana. Það er pólitísk ákvörðun. Framsókn leggur áherslu á að Reykjavík sé borg þar sem fólk tilheyri samfélaginu og upplifi sig sem hluta af samfélagi.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar styður tillöguna og telur afar mikilvægt að Reykjavíkurborg móti markvissa stefnu og aðgerðaáætlun í frístundamálum gegn einmanaleika. Einmanaleiki snertir fólk á öllum aldri og er lýðheilsuþema sem við viljum taka föstum tökum. Samhliða þessari vinnu leggjum við áherslu á að mótuð verði heildræn stefna fyrir fullorðna Reykvíkinga, það er alla borgarbúa 18 ára og eldri. Hingað til hefur megináhersla frístundastefnu borgarinnar beinst að börnum og ungmennum, sem er mikilvægt, en við þurfum jafnframt að horfa markvisst til annarra aldurshópa. Í fjölbreyttri og ört vaxandi borg þarf að tryggja aðgengilegt og fjölbreytt frístundastarf fyrir fólk á eftirlaunaaldri, fyrir nýja Reykvíkinga sem flytjast til borgarinnar, hvort sem er utan af landi eða frá öðrum löndum, og fyrir þá sem hafa lítið bakland. Samfélagshús, bókasöfn, sundlaugar og önnur sameiginleg rými geta gegnt lykilhlutverki í að byggja upp tengsl, virkni og þátttöku. Við leggjum áherslu á að lögð verði sérstök rækt við hverfi borgarinnar, tækifæri innan þeirra og möguleika. Markmiðið hlýtur að vera skýr framtíðarsýn. Reykjavík sem borg þar sem allir fullorðnir íbúar eiga að hafa raunhæf tækifæri til samveru, þátttöku og samfélags á öllum skeiðum lífsins.

13. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að hefja viðræður við forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og bæjarstjóra nágrannasveitarfélaga um stöðu fjármögnunar samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun ákvæða hans. Markmið viðræðnanna verði eftirfarandi: A) Fá skýr svör varðandi fjármögnun ríkisins á verkefnum samgöngusáttmálans, hvort og þá hvernig ríkið hyggst innheimta flýti- og umferðargjöld og hvort aðrir fjármögnunarkostir verði jafnframt skoðaðir. B) Breyta forgangs röðun verkefna innan Reykjavíkurborgar svo sáttmálinn nái því meginmarkmiði að tryggja greiðar, skilvirkar, hagkvæmar og öruggar samgöngur. Leitast verði við að hraða gatnamótum við Bústaðaveg, Miklubrautargöngum og snjóllum ljósastýringum. C) Samkomulagi verði náð um uppbyggingu hágæða almenningssamgöngukerfis sem ekki þrengir að almennri umferð. Hagkvæmni verði höfð að leiðarljósi. Borgarstjórn samþykkir jafnframt að virkja endurskoðunarákvæði 1. mgr. 7. gr. samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá 26. september 2019, sem síðar var uppfærður 21. ágúst 2024, ef þurfa þykir, svo hefja megi ofanritaðar viðræður.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sjö atkvæðum Björns Gíslasonar, Hildar Björnsdóttur og Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Helgi Áss Grétarsson, Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúi Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS26030002

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögu Sjálfstæðisflokksins er vísað frá með þeim rökum að gengið hefur verið frá fjármögnun samgöngusáttmálans með samningum við ríkið í sáttmála frá 24. ágúst 2019 og uppfærðum sáttmála frá 26. september 2024. Ríkinu ber skylda til að standa við sinn hluta samningsins. Það er ekki hlutverk sveitarfélaganna að segja til verka í þeim efnum. Varðandi forgangsörðun verkefna teljum við einsýnt að öll sveitarfélögin, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær hafi náð afar góðum samningum við ríkið hvert fyrir sig og með því að beita sameinuðum kröftum sínum. Við tökum undir að Miklubrautargöng hefðu mátt vera framar í forgangsörðinni en við virðum gerða samninga. Bendum jafnframt á að undirbúningur mislægra gatnamóta við Bústaðaveg er hafinn. Framkvæmdir hefjast 2028. Í þriðja lagi teljum við ekki þörf á endurskoðun samgöngusáttmálans þar sem ekki er nema eitt og hálft ár síðan sáttmálinn var endurskoðaður með ítarlegri vinnu sem stóð í eitt og hálft ár.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú uppfærsla á samgöngusáttmálanum sem lauk á vakt Framsóknar árið 2024 fól í sér afar mikilvægar breytingar. Ríkið féllst á að greiða þriðjung af rekstrarkostnaði við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þeirri ákvörðun fylgja 2,4 milljarðar á þessu ári og upphæðin hækkar á næstu árum. Þá féllst ríkið á kröfu borgarinnar um að Miklubrautargöng komi í stað Miklubrautarstokks. Nú er komin ný ríkisstjórn og Framsókn styður að hafnar verði viðræður við ríkið um hvernig það hyggt fjármagna framkvæmdir samgöngusáttmálans og hvort til standi og þá hvenær að leggja á flýti- og tafagjöld. Framsókn styður einnig að kannað sé hvort mögulegt sé að flýta Miklubrautargöngum en árið 2024 var ekki vilji hjá ríkinu til þess að gera það. Mislæg gatnamót við Bústaðaveg eru afar brýn og eru í forverkhönnun og framkvæmdir hefjast 2028 samkvæmt áætlun.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Kjartan Magnússon, leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að svokallaður samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til endurskoðunar. Sjálfsagt er að flýta einstökum framkvæmdum hans, sem eru hagkvæmar, t.d. gatnamótum við Bústaðaveg, Miklubrautarstokki og innleiðingu snjallljósastýringa. Við slíka endurskoðun ætti það hins vegar að vera skýlaus krafa að hætt verði við borgarlínuverkefnið í heild sinni. Þess í stað verði lögð áhersla á að efla núverandi strætisvagnakerfi strax með eftirfarandi aðgerðum: 1. Forgangsakreinum strætisvagna verði fjölgað. 2. Forgangur strætisvagna á umferðarljósum verði tryggður með snjalltækni. 3. Urbætur verði gerðar á biðstöðvum og skiptistöðvum, m.a. með tilkomu upphitaðra biðskýla. 4. Endurnýjun vagnaflotans verði hraðað. 5. Umbætur verði gerðar á leiðakerfinu. Með slíkum aðgerðum væri hægt að stórefla núverandi strætisvagnakerfi strax í stað þess að bíða í fimm ár eftir borgarlínu með tilheyrandi skattahækkunum. Slíkar umbætur á strætisvagnakerfinu myndu gera sama gagn en yrðu margfalt ódýrari en borgarlínuverkefnið. Borgarlínuverkefnið yrði risavaxin opinber framkvæmd, sem hefði takmarkaðan ávinning í för með sér en ýmsar neikvæðar afleiðingar vegna mikils kostnaðar, skattahækkana og aukinna umferðartafa. Einn helsti tilgangur borgarlínu er að þrengja að almennri bílaumferð með gífurlegum tilkostnaði. Ljóst

er að borgarlínuhluti sáttmálans er afar óhagkvæmur. Við höfnum afdráttarlaust öllum fyrirætlunum um að sérstakur viðbótarskattur eða tafagjöld verði lögð á Reykvíkinga til að fjármagna óhagkvæma borgarlínu.

14. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur:

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur feli borgarstjóra, í samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið, að greina og útfæra stofnun sérstaks innviðasjóðs Reykjavíkur innan A-hluta borgarinnar. Markmið sjóðsins verði að styðja við fjármögnun innviðauppbýggingar, svo sem leikskóla, skóla, samgöngumannvirkja og menningar- og íþróttamannvirkja, og/eða stuðla að niðurgreiðslu skulda sem tengjast slíkum innviðafjárfestingum. Í greiningunni verði sérstaklega fjallað um mögulega tekjustofna sjóðsins, þar á meðal arðgreiðslur frá B-hlutafélögum borgarinnar og valdar einsskiptistekjur, afmörkun sjóðsins gagnvart rekstrarútgjöldum, áhrif á fjárhagslega stöðu, skuldsetningu og fjárfestingagetu borgarinnar til lengri tíma, og hvernig fyrirkomulag sjóðsins samræmist gildandi eigendastefnu Reykjavíkur og markmiðum um gagnsæi og ábyrga fjármálastjórn. Borgarstjóra verði falið að leggja fram lokatillögu á grundvelli greiningarinnar til afgreiðslu í borgarstjórn.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

MSS26020010

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið ánægjuefni að borgarstjórn hafi samþykkt samhljóða að vísa tillögu Viðreisnar til borgarráðs til frekari greiningar og útfærslu. Reykjavík þarf skýrari og ábyrgari leið til að fjármagna innviði framtíðarinnar án þess að treysta sífellt meira á skuldsetningu. Stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur er góð leið til þess að mæta því. Borgin vex hratt og fjárfestingarþörf í leikskólum, skólum, samgöngum og menningar- og íþróttamannvirkjum mun ekki minnka á næstu árum heldur mun aukast. Það er pólitískt val hvernig við mætum þeirri þróun. Með stofnun innviðasjóðs Reykjavíkur er verið að kalla eftir nýrri hugsun innan ramma A-hluta borgarinnar. Hugmyndin er að tengja ákveðnar tekjur, þ.e. arð af sameiginlegum eignum og valdar einsskiptistekjur, og eyrnamerkja þær beint uppbyggingu innviða og niðurgreiðslu skulda. Arður af sameiginlegum eignum á að nýtast til uppbyggingar á sameiginlegum innviðum. Innviðasjóður Reykjavíkur er stjórnþæki til að auka gagnsæi, aga og langtímahugsun í fjármálum borgarinnar. Tillagan kallar á faglega greiningu og umræðu um hvernig við tryggjum sjálfbæra fjármögnun framtíðar Reykjavíkur.

15. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að auka framboð af sumarnámskeiðum og smiðjum fyrir börn á grunnskólaaldri í Reykjavík til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Skóla- og frístundasviði í samstarfi við menningar- og íþróttasvið verði falið að útfæra tillögu þess efnis og skila þeim inn til borgarráðs fyrir lok mars 2026. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 16:46 vikur Skúli Helgason af fundi og Sara Björg Sigurðardóttir tekur sæti.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar. MSS26030004

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Kapphlaupið um sumarnámskeiðin heldur áfram í boði meirihlutans. Framsókn gagnrýnir harðlega að meirihlutinn vilji ekki ráðast í aðgerðir til að fjölga sumarnámskeiðum fyrir börn á grunnskólaaldri til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Vegna takmarkaðra plássna í sumarnámskeið og smiðjur borgarinnar er skráning í þessa sjálfsögðu þjónustu orðin eins og kapphlaup um tónleikamiða stórhljómsveitar frekar en umsókn um grunnþjónustu. Sumarnámskeiðin eru öflugt og uppbyggilegt frístundastarf sem eflir félagsfærni, hæfni og vellíðan barna og gerir foreldrum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Þegar framboðið er ekki í takt við eftirspurnina er ljóst að bregðast þarf við en vegna aðgerðaleyfis meirihlutans munu foreldrar áfram sitja eftir með sárt ennið og óvissuna um hvernig eigi að púsla saman sumrinu á meðan skólarnir eru lokaðir.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Árið 2023 var farið í ákveðnar sparnaðaraðgerðir í sumarstarfi frístundaheimila í hagræðingarskyni. Opnunartími var stytur um klukkustund og tekin var út svokölluð aukavika þar sem eitt frístundaheimili í hverjum borgarhluta var opið einni viku lengur í sumarfríi þeirra. Sumarið 2025 var fjármagn í sumarstarf frístundar aukið um 17 milljónir til að bregðast við eftirspurn. Mikil ánægja var með þjónustuna síðastliðið sumar eins og sést í könnun sem skóla- og frístundasvið gerði meðal foreldra barna sem voru í sumarfrístund og sumarstarfi sértæku félagsmiðstöðvanna. Samstarfsflokkarnir ætla að halda áfram því góða starfi og styðja vel við sumarstarf frístundaheimilanna og starfsemi sértæku félagsmiðstöðvanna á komandi sumri.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að útfæra tillögur á grundvelli heimilda í umferðarlögum til að minnka loftmengun sem fer yfir heilsuverndarmörk í tilteknum aðstæðum. Er ráðinu falið að skoða rannsóknir og aðgerðir sem gefist hafa vel annars staðar og sannarlega náð árangri í að bæta loftgæði. Gert er ráð fyrir að umhverfis- og skipulagsráð skili af sér tillögum fyrir lok mars 2026.

- Kl. 18:03 vikur Sabine Lesköpf af fundi og Birkir Ingibjartsson tekur sæti.

Samþykkt með 17 atkvæðum Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn einu atkvæði borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Helga Áss Grétarssonar. Aðrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi viðaukatillögu:

Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg fjárfesti í ryksugubíl sem er sérstaklega hannaður til að hreinsa upp fínasta rykið á götum borgarinnar og að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra aðgerðaáætlun vegna þrifa á götum borgarinnar til að fyrirbyggja þá toppa sem myndast þegar hæglátt veður er og hefur áhrif á loftgæði í borginni. Áætlaður kostnaður er 50-70 milljónir vegna kaupa á ryksugubíl og fer af liðnum ófyrirséð.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar. MSS26030005

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt 85. gr. umferðarlaga er sveitarstjórnunum unnt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði. Til grundvallar slíkum aðgerðum skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum og mengunarspám. Takmarkanir á umferð vegna mengunar frá ökutækjum geta til dæmis falist í breytingum á hámarkshraða, takmörkun á umferð stærri ökutækja eða takmörkun almennrar umferðar með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri endatölu eða sambærilegum endabókstaf skráningarkerkja. Margt er hægt að gera og ljóst er að meira þarf að gera til fækka loftmengunardögum. Því felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að taka saman það sem virkar best á hverjum tíma í ólíkum aðstæðum og formgera slíkar aðgerðir.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn furðast að meirihlutinn skuli fella sjálfsagða tillögu Framsóknar um að keyptur verði ryksugubíll til þess að þrifa götur borgarinnar. Það sýnir ekki mikinn vilja til þess að bregðast við svifryksmengun í borginni.

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins Helgi Áss Grétarsson leggur fram svohljóðandi bókun:

Samfylkingin, ásamt sínum fylgitunglum í meirihluta borgarstjórnar á hverjum tíma, hefur fengið mýmörg tækifæri í áratugi til að grípa til skilvirkra aðgerða til að tryggja viðunandi loftgæði í borginni. Það er þess vegna engin þörf á að umhverfis- og skipulagsráð fái leiðbeiningar um þessi efni frá borgarstjórn. Nærtækara er að hrinda aðgerðum í framkvæmd til að bæta loftgæði. Grunnur tillögunnar byggir hins vegar á þeirri pólitísku sýn að kenna eigi notkun nagladekkja bíla fyrst og fremst um ástand loftgæðamála í höfuðborginni. Sú einfalda nálgun gengur ekki upp, þótt notkun nagladekkja hafi hér áhrif. Sem dæmi, í febrúar síðastliðnum, tæmdust birgðir af rykbindiefni, sjá frétt á vef Umhverfis- og orkustofnunar 17. febrúar síðastliðinn. Götur í borginni eru ekki nægjanlega vel þrífarnar. Hvort tveggja eykur líkur á slæmum loftgæðum í höfuðborginni. Með hliðsjón af þessu greiðir borgarfulltrúinn atkvæði gegn þessari tillögu enda litast hún af atkvæðaveiðum samstarfsflokka á aðdraganda borgarstjórnarkosninga 16. maí næstkomandi.

17. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að taka upp viðræður við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og dómsmálaráðuneytið um starfrækslu

hverfislögreglustöðvar í Breiðholti í því skyni að styrkja löggæslu í borgarhlutanum. Stöðin verði starfrækt í anda svonefndrar samfélagslöggæslu og áhersla lögð á að tengja hana skólunum í hverfinu með jákvæðum hætti. Um yrði að ræða samstarfsverkefni ríkis og borgar og stefnt að því að Reykjavíkurborg sæi stöðinni fyrir húsnæði eins og gert var þegar hverfislögreglustöð var áður starfrækt í Breiðholti með góðum árangri.

Frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25090069

18. Umræðu um tillögu að nýju deiliskipulagi við Holtsgötu 10-12 og Brekkustíg 16 er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25120074

19. Umræðu um öryggismál á skiptistöðinni í Mjódd er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25120075

20. Umræða um íbúalýðræði í Reykjavík er frestað með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25030069

21. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 26. febrúar 2026.

19. liður fundargerðarinnar, samþykkt velferðarráðs um samstarfssamning sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna, er samþykktur. MSS26010002

22. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 27. febrúar, mannréttindaráðs frá 12. febrúar, menningar- og íþróttaráðs frá 13. febrúar, skóla- og frístundaráðs frá 23. febrúar, stafræns ráðs frá 11. og 25. febrúar, umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. febrúar og velferðarráðs frá 18. febrúar.

- Kl. 20:00 vikur Líf Magneudóttir af fundi og Stefán Pálsson tekur þar sæti.

Fundi slitið kl. 20:14

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Andrea Helgadóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Þetta er 1. útgáfa fundargerðarinnar.